

Bæjarráð Hafnarfjarðarbæjar,
Ráðhúsi Hafnarfjarðar,
Strandgötu 6,
220 Hafnarfjörður

25. október 2016

Efni: Varðar umsókn Landssamtakanna Proskahjálpar um lóð við Öldugötu í Hafnarfirði.

Landssamtökin Proskahjálp hafa fengið upplýsingar frá starfsmönnum Hafnarfjarðarbæjar um að umsókn samtakanna, frá 14. desember 2015, um lóð við Öldugötu verði tekin fyrir á fundi bæjarráðs fimmtudaginn 27. október 2016.

Með vísan til ofangreinds, samkomulags samtakanna og Hafnarfjarðarbæjar, dags. 3. desember 2015 og samþykktar bæjarráðs á samkomulaginu 8. október 2015 „með fyrirvara um að frumvarp um aðstoð ríkisins við leigufélög hafi ekki áhrif á forsendur samningsins“, vilja Landssamtökin Proskahjálp koma eftirfarandi á framfæri við bæjarráð.


Frá því að ofangreint samkomulag var gert og samtökin sóttu um lóð á grundvelli þess hafa miklar breytingar verið gerðar á lögum og reglum um stuðning sveitarfélaga og ríkis til að tryggja efnalitlu fólki aðgang að leiguhúsnæði á viðráðanlegu verði m.a. með því að veita stofnframlög til byggingar á íbúðum fyrir fatlað fólk, sbr. lög nr. 52/2016, um almennar íbúðir og reglugerð nr. 555/2016, um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga, húsnæðissjálfsseignarstofnanir og almennar íbúðir. Samtökin hafa þess vegna komið því á framfæri við starfsfólk Hafnarfjarðarbæjar að samkomulagið þurfi að endurskoðað með tilliti til þess.

Ljóst er að það hefur mikil áhrif á ýmsar forsendur varðandi byggingu íbúðakjarna, af þeirri gerð sem lýst er í samkomulagi samtakanna og Hafnarfjarðarbæjar frá 3. desember 2016, hvort og þá hversu mikil stofnframlög fást til byggingarinnar. Þá geta fleiri atriði sem kveðið er á um í lögum nr. 52/2016 og reglugerð nr. 555/2016 haft veruleg áhrif í því sambandi.

Með vísan til þess sem að framan er rakið er óhjákvæmilegt að binda umsókn Landssamtakanna Proskahjálpar um umrædda lóð við Öldugötu fyrirvara um að stofnframlög og stuðningur fái til byggingar þar samkvæmt tilvitnuðum lögum og reglugerð og gangi það ekki eftir áskilja samtökin sé rétt til að skila lóðinni til Hafnarfjarðarbæjar.

Virðingarfyllst,

f. h. Landssamtakanna Proskahjálpar,



Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri.